

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

23. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 18. júní árið 2009. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Jóhannes Steingrímsson, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson, Sigurður Ólafsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 200905101 – Erindi frá Jóni Kristjánssyni, Borgartúni 6, Reykjavík**
Jón Kristjánsson byggingarverkfræðingur sækir um f.h. Sabine de Bourmont og Franco Copetti byggingarleyfi fyrir íbúðarhús á landi þeirra að Fellsenda, Þingeyjarsveit. Húsið sem er á steiptum grunni og kjallara að hluta, er burstabær með steiptum endaveggjum, stöfnum úr timbri og torf á þaki. Kjallari er 41 m² og húsið er 160 m², samtals 201 m². Teikningar eru unnar af Jóni Kristjánssyni byggingarverkfræðingi.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 200906034 - Erindi frá Birni Kjartanssyni, Hlíðarvegi 52, Ólafsfirði**
Björn Kjartansson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Markar í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús 68,4 m² byggt á steiptum súlum. Teikningar eru unnar af Ingvari Bjarnasyni, Stoðverk ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 200905098 - Erindi frá Ármanni Einarssyni, Lækjartúni 6, Akurevri**
Árman Einarsson óskar eftir stöðuleyfi fyrir vinnuskúr að Stekkjarbyggð 2, Lundsskógi, Þingeyjarsveit.
Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til allt að þriggja ára, með tilvísan til kafla 4.2 í deiliskipulagi.
- 200906023 – Erindi frá Þórsteini Rúnari Þórsteinssyni, Vallakoti, Reykjadal**
Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson óskar eftir leyfi til að byggja sólpall með heitum potti við íbúðarhús hans að Vallakoti, Þingeyjarsveit.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 200906025 – Erindi frá Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu ehf.**
Þuríður Helgadóttir f.h. Vogar ferðaþjónusta ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir afgreiðsluhús á lóð fyrirtækisins að Björk, Skútustaðahreppi, samkvæmt nýrri staðsetningu.
Byggingarnefnd hafnar þeirri staðsetningu sem fram kemur í erindinu vegna eldvarnarsjónarmiða en felur byggingarfulltrúa að leita ásættanlegra úrlausna við staðsetningu hússins með eigendum til eins árs.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200906068 – Erindi frá Héðni Sverrissyni Geiteyjarströnd 1, Mývatnssveit**
Héðinn Sverrisson sækir um endurnýjað stöðuleyfi fyrir smáhýsi sem ætluð eru til gistingar í ferðaþjónustunni að Geiteyjarströnd 1.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
7. **200906052 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík-Ósk um umsögn vegna rekstrarleyfis til handa Héðni Sverrissyni v/ Geiteyjar ehf./ Dimmuborgir Guest House
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn að fengnu samþykki sveitarstjórnar á stöðuleyfi.
8. **200906063 – Erindi frá Oddi Örvari Magnússyni, Baughóli 31c, Húsavík**
Oddur Örvar Magnússon óskar eftir breyttri skráningu hússins á Flatey/skólalóð, Þingeyjarsveit, úr geymslu í frístundahús.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
9. **200906069 – Erindi frá Norðurpól ehf, Laugabrekku, Reykjadal**
Norðurpóll ehf. óskar eftir leyfi til að setja björgunarop og svalir á suðurhlið á Smáragrund.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
10. **200606070 – Erindi frá Finni Baldurssyni, Lynghrauni 5, Mývatnssveit**
Finnur Baldursson óskar eftir byggingarleyfi fyrir 9 m² garðhýsi við Lynghraun 5 í Skútustaðahreppi.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14⁵⁵.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kristján Snæbjörnsson
Helgi Hallsson
Sigurður Ólafsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi